

VEIÐIMÁLASTOFNUN

VAUST / 8303

Árni Helgason

Athuganir í Fjarðará í Mjóafirði

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

10.10.1983

VAUST / 8303

Inngangur.

Að beiðni framkvæmdarnefndar silungsránnsóknna SSA og eftir til-
mælum frá Jóni Kristjánssyni fiskifræðingi á Veiðimálastofnun
fór ég ásamt aðstoðarmanni í Mjóafjörð þann 11.10.1983 í þeim til-
gangi að kanna Fjarðará og gera athugun á fiskmagni í ánni.
Hér á eftir fylgja helstu niðurstöður þessarar athugana og ályktanir
sem má draga af þeim.

Lýsing á ánni.

Fjarðará er innst í Mjóafirði og rennur um Fjarðardal. Áin á
upptök sín á Mjóafjarðarheiði þar sem eru vatnaskil milli
Fjarðardals og Slenjudals. (sjá meðfylgjandi uppdrátt)
Heildarlengd árinna er um 6.7 km frá upptökum til ósa skv. korti
af svæðinu. Tæpir 2 km af ánni eru fiskgengir frá ósi, en þar tekur
við röð af fossum í talsverðum bratta (sjá uppdrátt, (Hallasnið)).
Á fiskgenga hlutanum er áin um 5-7 metrar á breidd og rennur neðst
á fíngerðum malarbotni en verður fljótlega brattari og þar eru
einkennandi grýttir kaflar og gróf mól.
Botnefni árinna virðist við lauslega athugun ekki vera mikið á
hreyfingu, en er lítt gróið ef undanskilið er vatnamosi á stærri
steinum og með landinu. Lauslega athugað var lítið vart við dýra-
líf á steinum og fundust eingöngu stöku rykmýslirfur.
Fossinn, sem hindrar fiskgöngu er um 10 metrar á hæð, og rennur
í sveigðri bunu í þröngu gili og steypist ofani djúpan hyl.
Um 50 metrum neðan við þennan foss er svo flúð í 3 þrepum, og er
hún líklega ekki veruleg gönguhindrun.
Fljótlega ofan áður nefnds foss verður land mjög bratt og er að
heita samfelld snarpar flúðir og fossar í ánni alveg uppá heiðar-
brún.

Athugun á fiski í ánni.

Rafveiðar á fiskgenga hluta árinna (4 staðir) leiddu í ljós, að
mjög lítið er af ungfiski í ánni. Aðeins fékkst 1 seiði 5.8 cm,
og sást til annars heldur stærra.
Einnig var rafveitt á einum stað ofan við fossinn, og fékkst þar
sömuleiðis 1 seiði 5.5 cm.
Ádrattur í hyljum og strengjum í ánni gaf ekki af sér neinn afla.


Niðurstöður.

Af þessum athugunum má draga þá ályktun, að Fjarðará í Mjóafirði stendur ekki undir verulegu magni af fiski.

Öll einkenni árinna benda til þess, að vatnið sé næringarsnautt og stuðli að lítilli frumframleiðslu sem síðan kemur í veg fyrir að fiskur þrífist vegna skorts á æti. Er þetta sammerkt með ótal öðrum ám á Austfjörðum þar sem árnar eru stuttar dragár.


Að sögn kunnugra, sem ég hef rætt við, þá hefur ekki verið stunduð veiði í ánni sjálfri, endu hún það lítil, að mjög erfitt er um vik, en að silungur fáist alltaf í net þegar þau eru lögð út með ströndinni á vorin. Ég tal líklegt, að sá fiskur eigi ættir að rekja til nærliggjandi fjarða einkum Norðfjarðar, en þar er verulegt magn af Bleikju í Norðfjarðaránni, og fjarlægðin ekki meiri en 25 - 30 km eftir strandlengjunni. Hugsanlega er þó einhver hluti kominn úr ám við Mjóafjörð.

VAUST 13.10.1983



Arni Helgason, Fiskifræðingur.

MJÖLFJÖRDUR



HYS

Öfiskerudalur foss

Föræur

FOSS

400

300

200

100

7

6.3 UPPTÖK

5

0 KM.

HALLASNIÐ